



Reykjavíkurborg

Skína smástjörnur



Skýrsla um þróunarverkefni í fjórum leikskólum

Hrönn Pálmadóttir
Kristín Gunnarsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Markmið	3
Þátttakendur	4
Fræðilegur grunnur verkefnis	5
Námsumhverfi	5
Leikur ungra barna.....	5
Starfsaðferðir.....	6
Samstarf við foreldra	6
Einn leikskóli–samfella í starfi.....	7
Framkvæmd	7
Væntingar í upphafi.....	8
Námsumhverfi og aðlögun	8
Fræðslu- og umræðufundir	9
Kynningar	11
Mat á verkefninu	13
Aðlögun.....	13
Þátttaka í þróunarverkefni	14
Ólík sjónarmið	14
Viðfangsefni og áherslur.....	15
Jákvæðar hliðar verkefnisins.....	16
Helstu hindranir	17
Foreldrakönnun.....	17
Starfsmannavelta.....	18
Samantekt og umræða	18
Notkun styrkfjár	20
Heimildir	21

Inngangur

Umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað í leikskólastarfi á undanförunum árum og eru nú nær öll tveggja til fimm ára börn í leikskólum landsins og börnum undir tveggja ára aldri fer fjölgandi (Hagstofa Íslands, 2014). Þróunarverkefnið *Skína smástjórnur* er samstarfsverkefni leikskólanna Björtuhlíðar, Hálsaskógar, Langholts og Laugasólar, sem allir búa við þá sérstöðu að vera starfræktir í tveimur húsum þar sem yngri börnin, á aldrinum 18 mánaða til 3ja, ára eru í öðru húsinu en þau eldri í hinu. Verkefnið hófst í júní árið 2012 og lauk í maí 2015 og hlaut þrisvar sinnum styrk frá Skóla- og frístundasviði (SFS). Þróunarverkefnið fólst í því að byggja upp fagþekkingu og reynslu á starfi með ungum börnum í leikskólum. Jafnframt að varpa ljósi á þætti sem hafa áhrif á og skapa forsendur fyrir þróun á gæðastarfi í leikskólum. Gert var ráð fyrir því að slíkt þróunar- og nýbreytnistarf sem hér um ræðir myndi hafa jákvæð og uppbyggileg áhrif á þátttakendur og efla samstarf og vellíðan barna, starfsfólks og foreldra í leikskólunum. Reiknað var með að fagfólk annarra leikskóla, sem og stefnumótandi aðilar, gætu fært sér niðurstöður mats á þróunarverkefninu í nyt.

Markmið þróunarverkefnisins

- Að þróa gæðastarf á yngri barna deildum þar sem áhersla er lögð á námsumhverfi, starfsaðferðir og foreldrasamstarf,
- Að efla fagvitund og liðsheild í hverjum leikskóla undir forystu leikskólakennara,
- Að byggja upp lærdómssamfélag barna og fullorðinna í leikskólunum fjórum.



Í seinni hluta verkefnisins var lögð áhersla á að festa í sessi og kynna hugmyndafræði og reynslu sem skapast hafði í yngri barna húsi yfir í eldri barna hús og ýta þannig undir samfellu í leikskólastarfinu. Sérstaklega var horft til þess ferlis þegar börn og foreldrar flytjast milli húsa leikskólans.

Þáttakendur

Þátttakendur í verkefninu voru allir starfsmenn leikskólanna Björtuhlíðar, Hálsaskógar, Langholts og Laugasólar sem störfuðu í þeim hlutum leikskólanna sem ætlaðir eru yngri börnum. Þetta voru, auk leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, 12 deildarstjórar með leikskólakennaramenntun þ.e. þrír deildarstjórar í hverjum leikskóla og u.þ.b. 40 leiðbeinendur (vorið 2013 bættist fjórði deildarstjórinn við í einu húsanna). Í öllum leikskólunum voru þrjár deildir með ungum börnum, nema í Björtuhlíð, þar sem deildir voru tvær. Fjöldi barna á deild var frá 15 börnum til 27 barna. Alls hafa börnin í verkefninu verið um 215 á hverju ári, flest á aldrinum 18 mánaða til þriggja ára.

Í upphaflegri verkefnisstjórn voru:

- Arndís Bjarnadóttir, leikskólastjóri Björtuhlíðar
- Helga Alexandersdóttir, leikskólastjóri Laugasólar
- Hrefna Sigurðardóttir, leikskólastjóri Langholts
- Inga Dóra Jónsdóttir leikskólastjóri Hálsaskógs
- Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir, þróunarfulltrúi á fagskrifstofu Skóla- og frístundasviðs (SFS) og verkefnisstjóri

Haustið 2014 hættu tveir leikskólastjórar, þær Helga Alexandersdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir. Í þeirra stað komu Helga Ingvadóttir í Laugasól og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir í Hálsaskóg.

Leikskólastjórar báru ábyrgð á fjarreiðum verkefnisins auk þess að vera verkstjórar hver á sínum stað.

Hrönn Pálmadóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ, veitti faglega handleiðslu og ráðgjöf vegna verkefnisins og tók þátt í skýrslugerð.

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir var verkefnisstjóri frá upphafi verkefnisins til 15. september 2013. Ingibjörg og Hrönn rituðu Áfangaskýrslu verkefnisins sem kom út í júlí 2013.

Kristín Gunnarsdóttir sinnti verkefnisstjórn frá 15. september 2013 til maí 2015. Hún sat framvindu- og skipulagsfundi, hélt utan um skráningar, stýrði mati og hafði umsjón með skýrslugerð ásamt Hrönn Pálmadóttur.

Fræðilegur grunnur verkefnis

Þegar gæði í leikskólastarfi eru skilgreind er erfitt að finna einhlíta skýringu á því hvað hugtakið felur í sér. Fræðimenn hafa lagt áherslu á að líta á gæði sem vítt hugtak sem tengist bæði innri og ytri skilyrðum leikskólastarfs; svo sem fjölskyldunni, barninu og leikskólanum auk efnahagslegra og félagslegra þátta í samfélaginu (Björnestad, Pramling Samuelsson, 2012; Dahlberg, Moss og Pence 1999; Johansson, 2007). Hugmyndir um gæða menntun fyrir ung börn byggjast jafnframt á gildum og markmiðum námskrár, nútíma kenningum um nám barna ásamt rannsóknum á gæðum í leikskólastarfi. Það getur verið menningarbundið hvað talið er best fyrir börn en Johansson (2007) vísar í rannsókn Sheridan sem heldur því fram að gæði í leikskólastarfi verði að fela í sér sjónarhorn barnsins auk þess sem talið er „best“ og styður við nám og þroska barna.

Námsumhverfi

Námsumhverfi barna í leikskóla felur í sér bæði efnislegt og félagslegt umhverfi sem skapa forsendur og hafa áhrif á þátttöku barna og nám. Hugmyndir leikskólakennara um uppeldi og menntun endurspeglast gjarnan í starfsaðferðum, samskiptum og þeim stuðningi sem börnum er veittur í leikskólanum. Enn fremur birtast viðhorf kennara til náms í skipulagi deilda og í þeim efnivið sem börnunum stendur til boða (Johansson, 2004; Jóhanna Einarsdóttir, 2008). Rannsóknir sýna að námsumhverfi ungra barna í leikskóla ætti að bjóða upp á ríkuleg tækifæri, bæði úti og inni, til líkamlegrar tjáningar og sköpunar sem ýtir undir tengsl og leik milli barna. Börn eiga að geta valið á milli fjölbreyttra athafna og leikefnis í því skyni að finna það sem fangar áhuga þeirra og hvetur þau til virkrar þátttöku (Duffy, 2005; Hrönn Pálmadóttir og Guðrún Bjarnadóttir, 2012; Nordin-Hultman, 2004). Í okkar menningarheimi er læsi lykill að menntunarlegri velgengni og því mikilvægt að skilgreina læsis hugtakið vítt. Ung börn sýna bókum mikinn áhuga og eru bækur ákjósanlegur miðill til samskipta milli barna og fullorðinna. Huga þarf vel að þeim bókakosti sem yngstu börnunum stendur til boða. Í leikskólanum er brýnt að leggja áherslu á lestur, söng og hreyfingu ásamt því að hvetja foreldra til að lesa fyrir börn sín frá unga aldri (Goldsmith, 2004).

Leikur ungra barna

Deild í leikskóla er samfélag þar sem börn og fullorðnir hittast og eru saman. Í daglegri umgengni og leik deila börnin upplifunum, tilfinningum og leikföngum. Félagsleg tengsl og vinátta barna byggist á því að þau hafi möguleika og stuðning kennara við að eiga í samskiptum og kynnast hvert öðru. Í leiknum er líkaminn í

brennidepli þar sem börnin skapa tengsl og bregðast við hugmyndum hvert annars. Líkamlegar athafnir gegna því veigamiklu hlutverki þar sem börnin nota hreyfingu, látbragð, raddstyrk og svipbrigði til að koma eigin fyrirætlunum á framfæri við félagana, skiptast á í leiknum og komast að samkomulagi. Leikathafnir barnanna fela gjarnan í sér gáska og ærslafulla stemningu (Engdahl, 2011; Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Løkken, 2000). Í leikskólastarfi með ungum börnum er því lagður grunnur að því að börn læri í gegnum samskipti sín í leik, bæði um sig sjálf og aðra í umhverfinu.

Starfsaðferðir

Fagmennska og starfshættir leikskólakennara með yngstu börnunum beinast í ríkum mæli að því að samtvinna umhyggju og nám. Tilhneiging virðist vera í þá veru að aðgreina þessi hugtök sem getur leitt til þess að athafnir og reynsla ungra barna er síður tengd námi en athafnir eldri barna. Börn eru ekki einsleitur hópur, en þau eiga öll rétt á að því að vera virt sem einstaklingar sem hlustað er á. Leikskólastarfið ætti því að miða að því að æfa lýðræðislega þátttöku barna frá blautu barnsbeini (Samningur Sameinuðu þjóðanna; 1989; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Samskipti fullorðinna við börn sem byggjast á tilfinningalegri nánd og þar sem leitast er við að nálgast sjónarhól barna eru talin styrkja sjálfsmynd og virka þátttöku þeirra í leik (Bae, 1996, 2010; Pálmadóttir og Johansson, 2015). Jafnframt virðist glettni í samskiptunum vera mikilvæg í tengslum við leik og nám barna (Eriksen, Ødegaard, 2007; Goouch, 2008).

Samstarf við foreldra

Samstarf og tengsl við foreldra eru áhrifaríkir þættir í þróun á gæðastarfi í leikskólum. Foreldrar eru mikilvægustu aðilarnir í lífi barna og veruleiki þeirra og sjónarhorn er annað en sjónarhorn leikskólakennara (Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Þekking foreldra á eigin börnum skiptir miklu máli fyrir leikskólastarfið. Samstarf milli leikskóla og foreldra er því undirstaða undir nauðsynlega samfelli í lífi barna og brú á milli þeirra heima sem börnin lifa og hrærast í, á degi hverjum. Foreldrar eru fjölbreyttur hópur sem eiga, í það minnsta, sameiginlegt að vera foreldrar í þessum tiltekna leikskóla. Þekking og skilningur á menningu og tungumáli fjölskyldunnar þarf að vera til staðar í leikskólanum. Það er brýnt að leita leiða til þess að efla samstarf við foreldra þannig að bæði leikskólakennarar og foreldrar trúi því að framlag þeirra skipti máli fyrir vellíðan barnsins og nám (Cummings, 2008; Whalley og Dennison, 2008).

Einn leikskóli–samfella í starfi

Rannsóknir benda til þess að þáttaskilin þegar börn flytjast milli deilda leikskóla eða milli skólastiga sé þýðingarmikið námsferli sem tengist sjálfsmynd og félagslegum tengslum barna ásamt væntingum umhverfisins. Þáttaskilin geta til dæmis leitt til ólíkra væntinga um hegðun barna. Börn sem eru álitin hæf og dugleg í yngri hópi geti t.d. verið álitin getulítið í eldri hópnum (Mercy, 2007; Garpelin, Kallberg, Ekström og Sandberg, 2010). Í verkefninu var flutningur barna milli húsa ný áskorun og voru deildarstjórar sammála um mikilvægi samfelli í leikskólastarfinu á þessum tímamótum. Áhersla var lögð á að vinna sameiginlega að ferli þar sem byggt var á hugmyndafræði og aðferðum sem þróaðar höfðu verið í Smástjörnu-verkefninu auk þeirrar reynslu sem fengist hafði frá fyrra ári.

Framkvæmd

Í tímaáætlun verkefnisins var gert ráð fyrir því að fyrsta árið 2012 – 2013 nýttist til fræðslu og samtals. Einnig var tíminn nýttur til að skoða námsumhverfi barnanna og prófa mismunandi starfshætti í leikskólunum. Að því loknu yrði verkefnið metið og næstu skref ákveðin. Mikilvægt var talið að þróa verkefnið með tilliti til væntinga og áhuga þátttakenda.

Á meðan á verkefninu stóð voru haldnir fræðslu og umræðufundir, ýmist fyrir alla þátttakendur verkefnisins eða deildarstjóra eingöngu, ásamt stjórnendum. Á milli funda hittist verkefnisstjórn reglulega til að meta stöðuna og ákveða framhaldið. Verkefnið var kynnt á heimasíðum leikskólanna sem og í foreldraviðtölum. Áfanga-



skýrsla sem gefin var út í júlí 2013 er einnig aðgengileg á heimasíðum leikskólanna. Stofnaður var Facebook hópur, þar sem þátttakendur verkefnisins gátu sett inn áhugaverðar greinar og miðlað upplýsingum. Efni fyrirlestra var safnað jafnt og þétt í möppur sem voru aðgengilegar fyrir þátttakendur. Starfsfólk var einnig hvatt til að lesa faggreinar á vinnutíma um þroska og tjáningu ungra barna og báru deildarstjórar ábyrgð á umræðum um lesefnið.

Væntingar í upphafi

Dagana 11. – 14. júní 2012 voru fundir, með starfsfólki hvers leikskóla, þar sem verkefnið var kynnt. Á fundinum skráðu starfsmenn HUGMYNDIR SÍNAR OG VÆNTINGAR til verkefnisins og var sú skráning leiðbeinandi fyrir áherslur verkefnisins í byrjun. Það helsta sem þar kom fram var:

- Að styrkja sig í starfi, bæta samvinnu og að upplifa sig sem hluta af liðsheild sem stefnir að sama marki
- Tækifæri til að kynnst nýjum stefnum og straumum
- Rýna í starfið með það fyrir augum að efla fagvitund og meðvitund um menntunarhlutverk leikskólans
- Byggja starfið á hugmyndum um börn sem getumikil og hæf
- Námsumhverfið endurspegli þá áherslu að efla sjálfræði, félagslega virkni og þátttöku barnanna

Sumarið 2012 fór starfsfólk leikskólanna fjögurra í HEIMSÓKNIR hvert til annars til að kynnst starfi samstarfsleikskólanna og aðstæðum þeirra.

Námsumhverfi og aðlögun

Á haustmánuðum 2012 tók starfsfólk myndir af námsumhverfi barnanna eins og það leit út við upphaf verkefnisins. Þegar verkefnið var hálfnað voru svo teknar sambærilegar myndir til að sjá hvort einhverjar breytingar hafa orðið á skipulagi í námsumhverfi barnanna. Er þar meðal annars átt við aðgengi barna að efniviði, nýjan efnivið, rými til hreyfingar og fleira. Í könnun sem gerð var þegar verkefnið hafði staðið yfir í eitt ár voru þátttakendur sammála um að þó nokkrar breytingar hefðu orðið á námsumhverfinu. Aðgengi barna að leikefni var betra og leikefni hafði verið fært neðar. Jafnframt var meira tillit tekið til leiks barnanna þar sem líkaminn er í öndvegi.

Þegar verkefnið hófst voru þrír af fjórum leikskólunum með þátttökuaðlögun og einn leikskólanna var með aðlögun sem lengist dag frá degi. Þátttökuaðlögun felst í

Því að foreldrar dvelja með börnum sínum í leikskólanum fyrstu dagana og taka þátt í starfinu en í aðlögun sem lengist dag frá degi dvelur foreldri og barn stuttan tíma saman í leikskólanum fyrsta daginn en síðan lengist dvöl barnsins dag frá degi en dvöl foreldris styttest (Reykjavík, 2010).

Fræðslu- og umræðufundir

Hér á eftir má sjá yfirlit yfir fræðslu- og umræðufundi sem haldnir voru á tímabilinu júní 2012 til maí 2015. Fræðslu- og umræðufundir voru haldnir með starfsfólki í hverjum leikskóla fyrir sig og einnig voru sameiginlegir fundir með starfsfólki allra leikskólanna. Deildarstjórar og stjórnendur leikskólanna hittust einnig á sameiginlegum fundum. Fundir með leikskólastjórum, verkefnisstjóra og faglegum ráðgjafa voru jafnframt haldnir reglulega á tímabilinu.

2012	
Júní	Fundir og umræður með starfsfólki hvers leikskóla, þar sem verkefnið var kynnt. Hrönn Pálmadóttir sagði frá starfi yngstu leikskóladeildarinnar, í Pen Green fjölskyldumiðstöðvar í Corby á Englandi. Á fundunum skráðu starfsmenn niður hugmyndir sínar og væntingar til verkefnisins.
September	Fundur með deildarstjórum um <i>Gæði í námsumhverfi barna</i> þar sem Hrönn var með erindi og síðan unnu deildarstjórar í hópum.
Október	Kristín verkefnisstjóri fundaði með deildarstjórum hvers leikskóla um <i>Aðlögun haustsins 2012 og framvindu verkefnisins</i> .
Nóvember	Sameiginlegur fræðslu- og umræðufundur allra þátttakenda þar sem Hrönn fjallaði um <i>Viðhorf til barna og námsumhverfi</i> .



2013	
Janúar	Fundur með deildarstjórum þar sem litið var yfir farinn veg, fjallað um <i>Faglega forystu, liðsheild og ferlið framundan</i> , auk þess sem Hrönn flutti erindið: <i>Að skoða samskipti með myndbandsupptökum</i> .
Febrúar	Allir þátttakendur verkefnisins hittust á fundi sem fjallaði um <i>skráningar</i> . Þar voru sýndar stuttar myndbandsskráningar úr starfinu í leikskólunum; svo sem úr fataherbergi, leik barna og samskipti leikskólakennara og barna, úti og inni. Skráningarnar urðu uppspretta umræðna milli þátttakenda um mikilvægi skráninga.
Apríl	Fræðslufundur fyrir alla þátttakendur verkefnisins um <i>foreldrasamstarf</i> . Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir og Sigrún Einarsdóttir fjölluðu um nýlega handbók SFS, <i>Fjölskylda og leikskóli</i> , og hugmyndafræði hennar. Einnig sagði Ásgerður Guðnadóttir aðstoðarleikskólastjóri í Fífuborg frá þróun <i>foreldrasamstarfs í Fífuborg</i> .
Maí	Fundur með öllum þátttakendum um <i>Skráningar</i> þar sem deildarstjórar hvers leikskóla sýndu og ræddu myndbandsskráningar þar sem áherslan var á hlutverk hins fullorðna í leik barna.
Nóvember	Fundur með deildarstjórum undir yfirskriftinni Litið fram á veginn. Á fundinum var Hrönn með innlegg um <i>fagmennsku, skráningar og foreldrasamstarf</i> . Deildarstjórar ræddu saman í hópum. Fundur og umræður með öllum þátttakendum verkefnisins. Hrönn rifjaði upp og kynnti verkefnið fyrir nýju starfsfólki. Arna H. Jónsdóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ fjallaði um: <i>Samskipti og forystu á deild og Lærdómssamfélag og lýðræðislega fagmennsku</i> .

2014	
Janúar	Hrönn og Kristín héldu fundi og stjórnðu umræðum í öllum leikskólunum þar sem Hrönn fjallaði um <i>Samskipti barna og fullorðinna í leikskólanum</i> . Allt starfsfólk yngri deildanna sat fundina.
Maí	Farið var að huga að aðlögun nýrra barna í leikskólunum og flutningi barna á eldri deildir sem eru í öðru húsi. Einn fundur var haldinn með deildarstjórum allra húsa leikskólanna þar sem þeir lýstu og ræddu um hvernig staðið hefði verið að <i>flutningi barna á milli deilda</i> í leikskólunum haustið 2013.
Júní	Fundur með leikskólastjórum þar sem ákveðið var að senda spurningalista til foreldra með það að markmiði að meta <i>gæði aðlögunar</i> yngstu barnanna eftir að unnið hafði verið að verkefninu í þrjú ár. Foreldrar fengu spurningar sendar með árlegri foreldrakönnun SFS.
September	Fundað í verkefnisstjórn og framhaldið ákveðið. Upphaflega átti verkefninu að ljúka í desember 2014. Ákveðið var að sækja um <i>framhaldsstyrk</i> til maí 2015. Ein af ástæðum þess voru tíðar mannabreytingar, en innleiðing nýrra starfshátta tekur lengri tíma þegar hluti starfsfólks er sífellt að endurnýjast. Einnig hafði mikill áhugi og metnaður í starfsmannahópnum áhrif á ákvörðun um endurumsókn.
Nóvember	Hrönn rifjaði upp helstu áherslupætti verkefnisins og fjallaði um <i>foreldrasamvinnu</i> fyrir alla þátttakendur.

2015	
Maí	Fundur og umræður með öllu starfsfólki í þátttökuleikskólunum. Inga Aronsdóttir leikskólakennari var með innlegg um Áhrif skráninga á fagmennsku í leikskólastarfi. Á fundi stjórnenda var ákveðið að vinna að <i>Smástjörnuhandbók</i>. Sigrún Ósk Gunnarsdóttir deildarstjóri í Langholti var fengin til að halda utan um þá vinnu. Handbókinni er ætlað að halda lifandi starfsaðferðum og sýn á barnið sem starfsfólk þátttökuskólanna tileinkaði sér í þróunarverkefninu. Jafnframt að hjálpa til við að kynna verkefnið og setja nýja starfsmenn inn í starfið í leikskólunum.

Kynningar

- Þann 7. nóvember 2013 var kynning á málþingi um Yngstu börnin í leikskólanum á vegum, Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (Rannung) við Menntavísindasvið HÍ. Kynningin bar yfirskriftina: *Hvað felst í gæðastarfi með yngstu börnum leikskólans?* Hrönn fjallaði um fræðilega umgjörð verkefnisins. Kristín verkefnisstjóri kynnti verkefnið og deildarstjórar þátttökuskólanna sýndu myndbönd úr starfinu og sögðu frá jákvæðum áhrifum þróunarstarfsins í leikskólunum.
- Þann 14. febrúar 2014 var Kristín með kynningu á verkefninu á námskeiðinu Þróunarstarf í menntastofnunum á Menntavísindasviði HÍ.
- 20. mars 2014 kynnti Kristín Smástjörnuverkefnið á hádegisfundi Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.
- Í maí 2014 voru útbúin veggspjöld þar sem markmið og aðaláherslur verkefnisins birtust. Veggspjöldin voru hugsuð sem kynning á verkefninu fyrir foreldra og nýja starfsmenn.
- Smástjörnuverkefnið var kynnt á *Stóra leikskóladeginum* í maí 2014. Einnig fluttu deildarstjórar erindi um nýjungar í skólastarfinu tengdar þróunarverkefninu. Eva Hrund Egilsdóttir deildarstjóri í Björtuhlíð kynnti notkun myndbandaskráninga í foreldraviðtölum. Unnur Brynja Guðmundsdóttir deildarstjóri í Laugasól sagði frá flæði í leikskólastarfi yngstu barnanna. Erla Ragnarsdóttir deildarstjóri í Hálsaskógi sýndi skráningu úr leikskólastarfi. Sigrún Ósk Gunnarsdóttir og Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir deildarstjórar í Langholti fjölluðu um sýn kennara á nám barna.



- Þann 7. maí 2014 kynnti Kristín verkefnisstjóri verkefnið fyrir Skóla- og frístundaráði.
- Í maí 2014 hlaut þróunarverkefnið Skína smástjórnur Hvatningarverðlaun Skóla- og frístundaráðs.



- Á *Menntakviku*, árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs HÍ, 3. október 2014 voru kynntar nýjungar í leikskólastarfinu sem rekja mátti til þátttöku í þróunarverkefninu. Skráningar með ljósmyndum og myndbandsupptökum voru notaðar í öllum þátttökuleikskólunum til þess að gera nám barnanna sýnilegt og til að þróa fagmennsku starfsfólks.

Hrönn sagði frá framvindu verkefnisins og Kristín verkefnisstjóri og Erla Ragnarsdóttir deildarstjóri í Hálsaskógi fjölluðu um myndbandaskráningar úr leikskólastarfinu. Sagt var frá því hvernig leikskólakennarar í Björtuhlíð hafa notað myndbandsskráningar í foreldrasamvinnu og foreldraviðtölum. Í Hálsaskógi hefur verið lögð áhersla á að vinna úr myndbandaskráningum með starfsmannahópnum og sýndi Erla skráningar af leik og samskiptum barna þar sem skoðað var hvernig félagsfærni þeirra birtist, með og án orða.

Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir og Sigrún Ósk Gunnarsdóttir deildarstjórar í Langholti og Elín Anna Lárusdóttir deildarstjóri í Laugasól sögðu frá breytingum sem höfðu átt sér stað á námsumhverfi barnanna frá því að verkefnið hófst. Ólöf Jóna og Sigrún Ósk sögðu einnig frá breyttum viðhorfum starfsmanna til barna og jákvæðum áhrifum þess á leik og nám þeirra. Elín Anna greindi frá því hvernig áherslur í dagskipulagi í Laugasól hafa tekið breytingum og útskýrði tilgang og útfærslu á flæði í dagskipulagi sem verið er að vinna að í leikskólanum.

Mat á verkefninu

Þróunarverkefnið var metið jafnt og þétt í samvinnu við Tölfræði- og rannsóknardeild SFS (TOR). Matsspurningar voru lagðar fyrir deildarstjóra og annað starfsfólk deildanna. Rýnihópar deildastjóra og starfsmanna komu saman og mátu verkefnið. Matsþættir voru aðlögun barna, viðhorf deildarstjóra, leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra til þátttöku í þróunarverkefninu. Jákvæðar afleiðingar verkefnisins á leikskólastarfið og helstu hindranir. Niðurstöður matsins voru m.a. notaðar til að ákveða framhald verkefnisins. Einnig gáfu niðurstöður stjórnendum til kynna hvað vel hafði gengið og hvað mætti betur fara.

Aðlögun

Í mars 2013 var lögð fyrir könnun, í samvinnu við tölfræði- og rannsóknardeild SFS (TOR) á aðlögun haustsins 2012. Helstu niðurstöður voru þær að 65% starfsmanna í verkefninu tókust á við skipulag aðlögunar sem þeir höfðu ekki unnið eftir áður. Athygli vakti að meiri ánægja var með aðlögunina í þeim leikskólum sem unnu með þátttökuaðlögun þrátt fyrir að það væru nýir starfshættir fyrir margt starfsfólk. Í könnuninni var einnig spurt um hvað starfsfólk hefði verið ánægðast með varðandi aðlögunina. Meðal þess helsta sem kom fram í opnum spurningum var eftirfarandi:

- Sterkari tengsl við foreldra og börnin voru öruggari en oft áður. Foreldrasamstarfið stendur uppúr. Foreldrahópurinn tengdist betur
- Börnin voru öruggari og grétu minna þegar foreldrar kvöddu
- Hvað börnin urðu örugg og fljót að aðlagast leikskólastarfinu eftir að hafa verið með foreldrunum í aðlöguninni
- Ánægja með að foreldrar væru með fyrstu dagana þar sem þeir fengu innsýn í leikskólastarfið og góð kynni náðust. Gott að taka alveg þrjá daga í aðlögunina eftir það var henni að mestu lokið því börnin voru flest orðin mjög örugg á 3ja degi þegar foreldrarnir kvöddu
- Góð samvinna foreldra og starfsmanna. Hvað starfsmenn nutu sín í starfi og gerðu sitt besta
- Ekki of mörg börn í einu. Þau eru svo ung, get frekar sinnt þeim ef þau eru ekki mörg

Starfsfólk setti einnig fram hugmyndir sínar um leiðir til að efla tengsl við foreldra svo þeir upplifi sig velkomna í leikskólann og fái upplýsingar jafnt og þétt um leikskólastarfið.

Leiðir sem nefndar voru til að koma upplýsingum á framfæri við foreldra voru:

- Kynningafundur
- Upplýsingar inni á deild í aðlögun
- Á foreldrafundum
- Í fyrsta viðtali áður en vistun hófst
- SMS
- Ljósmyndir sýndar foreldrum
- Einstaklingsskráningar
- Foreldraviðtöl
- Heimasíða
- Foreldrakaffi
- Opinn leikskóladagur
- Viðtal við deildarstjóra



Þátttaka í þróunarverkefni

Sumarið 2013 sendi Hrönn, faglegur ráðgjafi verkefnisins, út spurningakönnun þar sem leitað var eftir viðhorfum deildarstjóra, leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra um þátttöku þeirra í þróunarverkefninu. Auk þess voru viðhorf til viðfangsefna og aðferða sem byggt hafði verið á í verkefninu fram til þessa könnuð. Þar var spurt um hvernig fræðsla og stuðningur við verkefnið hefði nýst og hvort eitthvað í námsumhverfi, dagskipulagi og starfsháttum hefði breyst frá því að verkefnið hófst. Jafnframt var kallað eftir hverjar áherslur verkefnisins ættu að vera á komandi starfsári.

Ólík sjónarmið

Þegar niðurstöður úr spurningakönnuninni eru skoðaðar er mikilvægt að hafa í huga, að verkefnið var hluti af mun stærra verkefni þessara leikskóla, sem var sameining leikskóla, og í kjölfar hennar skipulagsbreytingar sem fólu í sér að aldurskipta börnum á milli húsa. Jafnframt getur aðstöðumunur svo sem fjöldi leikskólakennara og rými í leikskólunum haft áhrif á viðhorf deildarstjóra til breytinganna. Í eftirfarandi orðum deildarstjóra endurspeglast ólík sjónarmið þeirra.

„Mér finnst við hafa farið of snemma af stað í þetta verkefni þar sem þessi vetur fór í að kynnst starfsfólki í þessu húsi og að vinna með lítil börn í fyrsta skipti.“

„Mér hefur fundist gaman að vera í þróunarverkefninu og fá að kynnst nýjum straumum. Það hefur verið gott að tengjast fræðum í kringum vinnu með yngstu börnunum, sérstaklega af því að það er langt síðan ég vann með þennan aldurshóp.“

„Ég held að við séum á réttri braut- ...bíð spennt eftir þátttökuaðlögun í annað sinn, sannfærð um að hlutirnir gangi betur þar sem við erum reynslunni ríkari. Mjög gott að fá svona mikla faglega umræðu um starfið og börnin, finnst alltaf eins og ég hafi fengið smá faglegt vítamín eftir fundi.“

Jafnframt kom fram að mikilvægt væri að allir starfsmenn kæmu á fundi um verkefnið, en nokkuð hafði skort á nægilega þátttöku.

Viðfangsefni og áherslur

Hér er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr svörum deildarstjóranna tólf um viðfangsefni og áherslur verkefnins. Allir deildarstjórnir töldu að umfjöllun og umræður um viðhorf til barna og áhrif á leikskólastarf hefði gagnast þátttakendum vel. Einn þeirra sagði: „Það sem ég er ánægð með er meðal annars að verkefnið hefur nýst í leiðsögn til starfsfólks á deildinni. Ég hef nýtt mér margt af því sem hefur verið lesið og rætt til að leiðbeina starfsfólki og segja þeim hvernig við viljum hafa hlutina.“

Flestir deildarstjóranna töldu að umfjöllun og verkefni um réttindi og sjónarhorn barna, námsumhverfi, leikefni og faglega forystu hafi gagnast vel. Flestir þeirra töldu einnig að umfjöllun og verkefni um foreldrasamstarf gagnaðist mjög vel: „Nýttist vel, kveikti hugmyndir að því hvernig við getum gert betur og bætt við.“

Þegar deildarstjórar voru spurðir um hvort breytingar hefðu orðið á efnislegu umhverfi, sögðu sjö þeirra að svo væri en fimm ekki. Þeir deildarstjórar sem sögðu umhverfið hafa breyst nefndu umhverfi og aðstöðu barnanna svo sem ný borð sem hæfa betur ungum börnum, og leitast hefði verið við að skapa börnunum meira rými til leiks og að aðgengi barna að efnivið hefði breyst þar sem hann hefði verið færður neðar. Þeir nefndu einnig ný leikföng og samnýtingu efniviðar á milli deilda.

Deildarstjórar óskuðu eftir að áhersla næsta vetur yrði á skráningar á leik og námi barna auk þess starfsfólk fengi fleiri tækifæri til að lesa og ræða fræðigreinar.

Þegar spurt var um hvort breytingar hefðu orðið á dagskipulagi, starfsháttum og viðhorfum skiptist mat deildarstjórnanna með sama hætti þ.e. sjö töldu svo vera en fimm ekki. Dæmi um breytingar eru:

- Meira flæði fyrir leik barnanna og í hópastarfi
- Meira val innan hvers svæðis
- Skipulagið miðar meira að þörfum barnanna, lengri leiktími fyrir börnin
- Starfsfólk meðvitaðara um umönnun sem námsleið. Stundir í fataherbergi og salernisferðir fá meiri tíma í dagskipulagi
- Viðhorf til barnanna hefur breyst, frekar hugsað og rætt um þau sem getumikil og hæf
- Breytingar á kaffitíma-einn í hádegi í stað þess að brjóta upp morguninn
- Minni hræðsla við að prófa nýja hluti
- Meiri meðvitund um samskipti
- Passað að verkefni hæfi aldri og þroska
- Efniviður aðgengilegur
- Meiri skilningur og umburðarlyndi gagnvart leik barna

Jákvæðar hliðar verkefnisins

Í júní 2014 voru, í samvinnu við tölfræði- og rannsóknardeild SFS (TOR), settir saman rýnihópar deildastjóra annarsvegar og leiðbeinenda hins vegar til að meta þróunarverkefnið. Í rýnihópunum komu eingöngu fram jákvæð ummæli um innihald verkefnisins. Eftirfarandi atriði komu fram í ummælum beggja hópa, þ.e. deildarstjóra og leiðbeinenda:

- Samheldni starfsfólks hefur aukist hjá þeim sem vinna með yngri börnunum
- Verkefnið hjálpaði til við sameiningu leikskólanna
- Starfið hefur orðið hnitmiðaðra og skýrara
- Auðveldara er að taka á móti nýju starfsfólki
- Deildarstjórar hafa styrkst í starfi
- Starf með yngri börnunum hefur fengið meira vægi

- Viðhorf starfsfólks til barnanna hefur breyst til hins betra
- Hefur hjálpað til við foreldrasamstarf
- Hjálpar til við að efla ímynd leikskólastarfsins út á við
- Með samstarfi hafa deildarstjórar lært hver af öðrum
- Með samstarfi hafa leiðbeinendur á milli leikskóla lært hver af öðrum
- Mikilvægt að mynduð sé samfella hjá börnunum sem hafa farið í gegnum Smástjórnuverkefnið þegar þau fara upp í eldri deildirnar

Helstu hindranir

Hér má sjá atriði sem deildarstjórar töldu helstu hindranir verkefnisins eða það sem betur mætti fara. Leiðbeinendur töldu upp mun færri atriði en deildarstjórar í þessum lið en voru sammála þeim um að rýmið á deildunum væri of lítið fyrir börnin.

- Verkefnið hefði mátt fara af stað seinna
- Breytingar á kaffitíma hafa gert það að verkum að menning starfsfólks hefur að einhverju leyti týnst
- Ein helsta hindrun verkefnisins er lítið rými fyrir starfið með börnunum
- Stöðug mannaskipti hjá starfsfólki

Foreldrakönnun

Eins og áður sagði var vorið 2015 ákveðið að kanna hug foreldra til aðlögunar barna í leikskólunum en slíkt var einungis gert í tveimur leikskólanna, Björtuhlíð og Laugasól. Leikskólastjórnirnar bættu við spurningum í foreldrakönnun SFS árið 2015 og var tilgangurinn að nota niðurstöður til að bæta gæði aðlögunar. Spurt var til dæmis um viðhorf foreldra til aðlögunarinnar, viðmót starfsmanna og upplýsingagjöf.


Helstu niðurstöður eru þær að foreldrar í Laugasól voru ánægðari með aðlögun milli húsa en þegar barnið var að byrja í leikskólanum. Í Björtuhlíð hinsvegar voru fleiri foreldrar ánægðari með fyrstu aðlögun, þegar barnið byrjaði í leikskólanum, en aðlögunina þegar barnið fluttist milli húsa. Ríflega 30% foreldranna í báðum leikskólunum hefðu viljað taka meiri þátt í aðlögun barna sinna. Flestum foreldranna fannst mikilvægt að börnin fylgdust að og færu mörg saman á nýja deild.

Í könnun Laugasólar var einnig spurt um hvernig foreldrum fyndist best að fá upplýsingar um starfið í leikskólanum. Langflestir foreldranna kusu að fá upplýsingar í tölvupósti.

Starfsmannavelta

Hér á eftir verður gerð grein fyrir samsetningu starfsmannahópanna í leikskólunum sem og breytingum á starfsmannahaldi sem áttu sér stað meðan á þróunarverkefninu stóð.

Í leikskólanum Björtuhlíð störfuðu þrír deildarstjórar og 7 leiðbeinendur þegar verkefnið hófst árið 2012. Af upphaflegum þátttakendum voru eftir tveir deildarstjórar og fjórir leiðbeinendur þegar verkefninu lauk. Í Hálsaskógi hættu 9 starfsmenn á tímabilinu og nýir komu inn í staðinn. Í Hálsaskógi hættu einnig leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri á meðan á verkefninu stóð. Í Langholti eru aðeins tveir starfsmenn sem hafa verið með í verkefninu frá upphafi enn starfandi. Þar er enginn deildarstjóri sem var þátttakandi í verkefninu frá upphafi. Í Laugasól voru 13 starfsmenn við upphaf verkefnisins en af þeim eru einungis eftir þrír. Allir deildarstjórar Laugasólar sem voru þátttakendur í upphafi verkefnisins eru hættir. Leikskólastjóri hætti einnig meðan á verkefninu stóð.



Á þessari mynd má sjá fjölda starfsfólks þátttökudeildanna í upphafi verkefnisins og þá sem enn voru starfandi þegar verkefninu lauk.

Samantekt og umræða

Í verkefninu *Skína smástjörnur*, sem unnið var að í þrjú ár, var markmiðið að þróa gæðastarf á yngri barna deildum gegnum námsumhverfi, starfsaðferðir og foreldrasamstarf. Leitast var við að byggja upp lærdómssamfélag barna og fullorðinna og sjónum beint að því að efla fagvitund og liðsheild í leikskólunum undir forystu leikskólakennara.

Í seinni hluta verkefnisins var lögð áhersla á að festa í sessi og kynna hugmyndafræði og reynslu sem skapast hafði í yngri barna húsunum yfir í eldri barna húsinn og styrkja

þannig samfellt í leikskólastarfinu. Í starfinu var áhersla lögð á ferlið þegar börn og foreldrar flytjast milli húsa leikskólanna.

Fræðsla og virk þátttaka alls starfsfólks í fjölbreyttum verkefnum var mikilvægur liður í því að byggja upp þekkingu og reynslu á starfi með ungum börnum í leikskólunum. Niðurstöður gefa til kynna að starfsfólk var almennt ánægt með þátttöku sína á fræðslu- og umræðufundum og hvernig þekkingin nýttist og styrkti þá í starfinu. Í verkefninu komu einnig í ljós þættir sem höfðu áhrif á og sköpuðu forsendur fyrir þróun gæðastarfs í leikskólum.

Nokkur aðstöðumunur var á milli leikskólanna varðandi fjölda leikskólakennara, fjölda barna og rými á deildum sem og starfsmannaveltu. Starfsmannavelta var þó umtalsverð í öllum leikskólunum á tímabilinu. Meðal þeirra sem hættu voru stjórnendur verkefnisins, bæði leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar. Þrátt fyrir að nýir stjórnendur væru allir af vilja gerðir til að halda áfram á sömu braut þá er augljóst að þetta hafði áhrif á að metnaðarfull markmið Smástjörnu verkefnisins. Í leikskólastarfi er grundvallaratriði að fagþekking sé til staðar, auk þess sem stöðugleiki í starfsmannahaldi skapar forsendur fyrir gæðastarfi. Undir lok verkefnisins var á nokkrum deildum enginn starfandi sem hafði tekið þátt í verkefninu frá upphafi. Mikill tími fór því í það á hverju hausti að setja nýtt fólk inn í verkefnið í stað þess að halda áfram með að þróa starfshætti eins og stefnt var að. Eins og fram kom í könnun sem gerð var meðal deildastjóra í júní 2014, voru tíðar mannabreytingar nefndar sem helsta hindrun þess að ná tilætluðum árangri í verkefninu.

Það er erfitt að horfa á eftir fólki sem búið er að taka þátt í fræðslu og tileinka sér hana í starfi. Það er álag fyrir deildarstjóra að fá inn á haustin óvant fólk sem hefur takmarkaða þekkingu og reynslu á leikskólastarfi með ungum börnum. Á þessum tímamótum þegar samstarf og tengsl við nýja foreldra og börn er að hefjast þurfti þjálfun og fræðsla nýs starfsfólks að eiga sér stað á sama tíma. Af þessum sökum fór verkefnið hægt af stað á haustin og tíminn nýttur til að kynna það fyrir nýju starfsfólki.

Miklar breytingar í starfsemi leikskólanna, fyrst sameining og síðan aldursskipting milli húsa, hefur mögulega einnig haft áhrif á framvindu verkefnisins. Leikskólastjórar voru störfum hlaðnir samhliða stöðu verkstjóra í þróunarverkefninu. Það hefði ef til vill styrkt verkefnið að deila ábyrgð og verkstjórn í hverjum leikskóla betur en gert var. Í þessu samhengi má jafnframt velta því fyrir sér hvort þróunarverkefnið

hafi verið tímabært. Þegar mat á verkefninu frá því í júní 2014 er skoðað, kemur í ljós að þrátt fyrir að nefnt hafi verið að verkefnið hefði mátt fara seinna af stað, eru mun fleiri sem nefna hvernig verkefnið hjálpaði til við sameiningu leikskólanna, ýtti undir samheldni og skapaði jákvæðara viðhorf í leikskólunum.

Mikilvægur afkastur verkefnisins er einnig Handbókin–svona gerum við sem byggir á fræðilegum grunni þróunarverkefnisins og leikskólastarfi með ungum börnum. Handbókin er ætlað að halda lifandi starfsaðferðum og þeirri sýn á barnið sem starfsfólk tileinkaði sér í ferlinu. Handbókin er einnig hugsuð sem stuðningur við að setja nýja starfsmenn inn í starfið. Handbókin getur þannig ýtt enn frekar undir jákvæð og uppbyggileg áhrif þróunarverkefnisins og eflt samstarf og vellíðan barna, foreldra og starfsfólks leikskólanna. Þáttaskilin þegar börn og foreldrar flytjast milli húsa er jafnframt fagleg áskorun sem vert er að huga að enn frekar til að tryggja samfellu í leikskólastarfinu.

Notkun styrkfjár

Verkefnið hófst í júní 2012 þegar það hlaut styrk frá Skóla- og frístundaráði að upphæð 3,5 milljónir. Sótt var um framhaldsstyrk sem veittur var í júlí 2013 – desember 2014 að upphæð 1,2 milljónir. Verkefnið fékk auk þess 800.000 kr. í styrk frá janúar-maí 2015.

Styrkir voru nýttir til að greiða starfsfólki fyrir setu á fræðslu- og umræðufundum utan vinnutíma. Hrönn Pálmadóttir faglegur ráðgjafi og Kristín Gunnarsdóttir verkefnisstjóri fengu greitt fyrir sitt vinnuframlag. Utanaðkomandi fyrirlesarar á fræðslu- og umræðufundum fengu jafnframt greitt fyrir sitt framlag. Kynningarveggspjöldin sem útbúin voru fyrir alla leikskólana voru greidd með styrktarfé. Einnig var styrkurinn notaður til að greiða leigu á fundarsölum.

Heimildir

- Bae, B. (1996). *Det interessante i det alminnelige*. Oslo: Pedagogisk Forum.
- Bae, B. (2010). *Á se barn som subject-noen konsekvenser for pedagogisk arbeid i barnehage*. Sótt af <https://www.regjeringen.no/no/tema/familie-og-barn/barnehager/artikler/a-se-barn-som-subjekt---noen-konsekvenser/id440489/>
- Bjørnstad, E., og Pramling Samuelsson, I. (2012). *Hva betyr livet i barnehagen for barn under 3 år? En forskningsoversikt*. Oslo: Høgskolen i Oslo og Akershus.
- Cummings, A. (2008). The impact of parents' lives. Í M. Whalley og Pen Green Centre Team (ritstjórar), *Involving parents in their children's learning* (bls. 105–121). London: Paul Chapman Pub..
- Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. R. (1999). *Beyond quality in early childhood education and care: Postmodern perspectives*. London, Philadelphia, PA: Falmer Press.
- Duffy, B. (2005). Creativity matters. Í L. Abbot og A. Langston (ritstjórar), *Birth to three matters. Supporting the framework of effective practice* (bls. 151–161). London: Open University Press.
- Engdahl, I. (2011). *Toddler interaction during play in Swedish preschool*. *Early Child Development and Care*, 181, 1–19.
- Eriksen, Ødegaard, E. (2007). What's up on the teachers' agenda? A study of didactic projects and cultural values in mealtime conversations with very young children. *International Journal of Early Childhood*, 39(2), 45–64.
- Garpelin, A., Kallberg, P., Ekström, K. og Sandberg, A. (2010). How to organise transitions between units in preschool. Does it matter? *International Journal of Transitions in Childhood*, 4, 4–12.
- Goouch, K. (2008). Understanding playful pedagogies, play narratives and play spaces. *Early Years*, 28(1), 93–102.
- Goldsmith, W. og Jackson, S. (2004). *People under three: young children in day care*. London: Routledge.
- Hagstofa Íslands. (2014). Sótt af http://www.hagstofa.is/Fjöldi_barna_i_leikskólum_2014.
- Frönn Pálmadóttir og Guðrún Bjarnadóttir. (2012). Merkingarsköpun ungra barna í hreyfingu og leik. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 29–48). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Frönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Yngstu leikskólabörnin: Samfélag í leik. *Uppeldi og menntun*, 21(2), 43–69.
- Johansson, E. (2004). Learning encounters in preschool: Interaction between atmospheres, view of children and of learning. *International Journal of Early Childhood*, 36(2), 9–26.
- Johansson, E. (2007). *Förskolabarns moral i forskning och pedagogisk praktik. Forskning i fokus*, nr. 34. Stokkhólm: Myndigheten för skolutveckling.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Sýn á börn. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 17–27). Reykjavík: Háskólaútgáfan og RannUng.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Leikskólastarf af sjónarhóli foreldra. *Uppeldi og menntun* 19 (1–2), 9–31.
- Løkken, G. (2000). Tracing the social style of toddlers peers. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 44(2), 163–176.
- Mennta- menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámsskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Merry, R. (2007). The construction of different identities within an early childhood center; a case study. Í A., W., Dunlop & H. Fabian (ritstjórar), *Informing transitions in the early years: Research, Policy and Practice*. Maidenhead: McGraw-Hill/Open University Press.
- Pálmadóttir, H. og Johansson E. (2015). Young children's communication and expression of values during play sessions in preschool. *Early Years: An international research journal*, 35(3), 289–302.
- Reykjavíkurborg. (2010). *Fjölskylda og leikskóli – Handbók um samstarf*. Reykjavík: Höfundur.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Sótt af <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/crc/>.
- Whalley, M. og Dennison, M. (2008). Dialogue and documentation: Sharing information and developing a rich curriculum. Í M. Whalley og Pen Green Centre Team (ritstjórar), *Involving parents in their children's learning* (bls. 122–140). London: Paul Chapman Publishing.